

# Samtal um samræmd próf

Miðvikudaginn 7. nóvember 2018 kl. 8.45–12.00

Golfskála Garðabæjar, GKG golf, Vífilsstaðavegi, 210 Garðabæ

**Tilfni:** Síðastliðið vor skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem falið er að vinna tillögu að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili lokaskýrslu með tillögum sínum í febrúar 2019.

## Eftirfarandi skipa hópinn:



Svanhildur Kr. Sverrisdóttir  
formaður, án tilnefningar



Margrét Harðardóttir, án tilnefningar



Þorvar Hafsteinsson, tilnefndur af  
Heimili og skóla



Helgi Arnarson, tilnefndur af Grunni,  
félagi fræðslustjóra og stjórnenda á  
skólaskrifstofum



Brynhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af  
Skólalækjafélagi Íslands



Eðvald Einar Stefánsson, tilnefndur af  
Umboðsmanni barna



Þórður Kristjánsson, tilnefndur af  
Sambandi íslenskra sveitarfélaga



Hjördís Albertsdóttir, tilnefnd af  
Félagi grunnskólakennara



Sverrir Óskarsson, tilnefndur af  
Menntamálastofnun

Starfshópurinn um samræmd könnunarpróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis stendur fyrir dagskanni. Fundarstjóri er Elín Thorarensen. Umræðustjórar eru Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Elín Thorarensen. Borðstjórar eru ýmist aðalmenn eða varamenn í starfshópi um samræmd próf.

## Spurningar sem við ætlum að ræða:

### 1. Markmið:

Hver er ávinningur þess fyrir menntakerfið í heild að hafa samræmd próf?

### 2. Hlutverk:

Hvernig má nýta niðurstöður samræmdra prófa sem best?

### 3. Framkvæmd og fyrirkomulag:

Hvernig fyrirkomulag hentar best við framkvæmd og fyrirlögn samræmdra prófa?

## Heimskaffi

Við notum aðferð sem kölluð er **heimskaffi** eða „**World Cafe**“. Sú aðferð er oft notuð í samtali hagsmunaaðila til að ná fram nýjum hugmyndum eða skoðunum á ákveðnu viðfangsefni.

Í heimskaffi sitja þátttakendur (4–6) saman við borð í ákveðinn tíma (15–20 mínútur) og ræða eina tiltekna spurningu. Við hvert borð er borðstjóri sem sér um að stýra umræðunni. Að umræðu lokinni er stutt kynning á niðurstöðum og síðan dreifa þátttakendur sér á önnur borð. Borðstjórinn situr eftir og tekur á móti nýjum hópi.

## Dagskrá:

08:45-09:00

Morgunkaffi og skráning.

09:00-09:10




**Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, sérfræðingur og formaður starfshóps um samræmd próf**, býður þátttakendur velkomna. Hún greinir frá starfshópnum um samræmd próf, hlutverki hans og markmiðum. Hún gerir jafnframt grein fyrir tilefni fundar og dagskrá.

09:10-09:30



**Sverrir Óskarsson sérfræðingur í Menntamálastofun** flytur erindi þar sem hann segir frá því með hvaða hætti staðið er að samræmdum prófum í skólakerfi nágrannalanda.

09:30-09:50



**Rúnar Sigþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri**, flytur erindi sem kallast „Samræmd próf í grunnskóla: Af ástæðum eða af því bara?“

09:50–11:50



**Heimskaffi – hópavinna: Elín Thorarensen sérfræðingur** stjórnar hópavinnunni. Hún segir frá skipulagi hennar og hvernig þetta gengur allt fyrir sig. Kaffi og með því verður í boði allan morguninn en ekki gert ráð fyrir sérstökum kaffitíma.

11:50-12:00

Samantekt dagsins og næstu skref.

